

# Tillögur stjórnar

## Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

7. mars 2024

---

### Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund félagsins:

#### Dagskrárliður 2 – Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár

**Tillaga:** Stjórn leggur til að fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2023 verði samþykktur.

#### Dagskrárliður 3 – Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 2,12 á hlut fyrir rekstrarárið 2023 eða um 2.450 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 7. mars 2024 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 11. mars 2024, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 8. mars 2024 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 21. mars 2024.

#### Dagskrárliður 4 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt. Við stefnuna bætist neðangreindur kafli um kaupréttaráætlun þar sem kveðið er á um heimild stjórnar að samþykkja kaupréttaráætlun sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk.

*„Stjórn félagsins er heimilt að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun til 3 ára sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk í samræmi við þá áætlun. Markmið félagsins með kaupréttaráætluninni er að tengja saman hagsmuni starfsmanna við hluthafa, auk þess sem áætlunin hjálpar til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggni innan félagsins. Kaupréttaráætlun skal uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felur meðal annars í sér að kaupréttur að hlutabréfum skal ná til allra fastra starfsmanna félagsins að hámarksfjárhæð, 1.500.000 kr. á ári að kaupverði og skal slíkum hlutabréfum fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu. Að lágmarki skulu líða tólf mánuðir frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur og skal kaupverð eigi vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag. Þá skulu starfsmenn eiga hlutabréfin í lágmarki tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur og skal kaupréttarsamningurinn ekki vera framseljanlegur. Kaupréttaráætlun sú sem stjórn útfærir skal staðfest af Skattinum áður en hún er sett á fót.“*

#### Starfskjarastefna Sjóvá hljóði eftirleiðis svo:

##### Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf.

###### Tilgangur

Stefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk.

###### Umfang

Nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Starfskjaranefnd er skipuð stjórn félagsins.

###### Stefna

Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf. miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu félagsins.

###### Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

###### Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati

stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundi ásamt röksemdum.

#### **Starfskjör annarra æðstu stjórnenda**

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem tiltekin eru sömu atriði og tekið mið af sjónarmiðum sem koma fram í ráðningarsamningi forstjóra, eftir því sem við á.

#### **Starfskjör annarra starfsmanna**

Starfskjör annarra starfsmanna félagsins skulu ákveðin í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

#### **Upplýsingagjöf og frávik frá starfskjarastefnu**

Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Frávik frá starfskjarastefnu skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

#### **Hvatakerfi**

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu álitni starfskjaranefndar.

Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, venjulega skilgreint með tilliti til árangurs, sem ekki eru þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Einungis er um að ræða heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka.

Kaupaukakerfið skal uppfylla kröfur 51. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Helstu ákvæði kaupaukakerfisins sem snúa að kaupréttum skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

#### **Kaupréttaráætlun**

Stjórn félagsins er heimilt að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun til 3 ára sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk í samræmi við þá áætlun. Markmið félagsins með kaupréttaráætluninni er að tengja saman hagsmuni starfsmanna við hluthafa, auk þess sem áætlunin hjálpar til við að laða að hæft starfsfólk og auka trygð innan félagsins. Kaupréttaráætlun skal uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felur meðal annars í sér að kaupréttur að hlutabréfum skal ná til allra fastra starfsmanna félagsins að hámarksfjárhæð, 1.500.000 kr. á ári að kaupverði og skal slíkum hlutabréfum fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu. Að lágmarki skulu líða tólf mánuðir frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur og skal kaupverð eigi vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag. Þá skulu starfsmenn eiga hlutabréfin í lágmarki tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur og skal kaupréttarsamningurinn ekki vera framseljanlegur. Kaupréttaráætlun sú sem stjórn útfærir skal staðfest af Skattinum áður en hún er sett á fót.

#### **Greinargerð stjórnar:**

Tilgangurinn með því að heimila stjórn að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er að samtvinna langtímahagsmuni félagsins og starfsfólks og gefa starfsfólki kost á að njóta þess með beinum hætti ef félaginu vegnar vel.

Eins og fram kemur í starfskjarastefnunni skal kaupréttaráætlunin uppfylla öll skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2003 og er hún háð fyrirfram samþykki Skattsins. Helstu skilmálar þeirrar áætlunar sem útfærð verður eru:

- Áætlun til þriggja ára.
- Tekur til allra fastráðinna starfsmanna og sami réttur fyrir alla starfsmenn, óháð starfsaldri, ábyrgð eða hvaða launaflokki hver og einn tilheyrir, að því gefnu að viðkomandi starfsmönnum sé að lögum heimilt að kaupa hlutabréf í félaginu.
- Ávinnsla réttinda er bundin því skilyrði að starfsmaður starfi fyrir Sjóvá eða félag í félagasamstæðu Sjóvá.
- Réttindi samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir verða á grundvelli kaupréttaráætlunar skulu fyrst innleysanleg tólf mánuðum eftir undirritun kaupréttarsamnings.
- Kaupréttur er ekki framseljanlegur.
- Kaupverð hlutabréfa verður eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu (10) heila viðskiptadaga fyrir samningsdag kaupréttarsamnings.
- Verði kaupréttur nýttur skulu hlutirnir staðgreiddir með reiðufé.
- Kaupréttarhafi skal eiga hlutabréf í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
- Óheimilt er að safna upp eða fresta innlausn áunnins kaupréttar og fellur óinnleystur kaupréttur niður.

Gert er ráð fyrir að lágmarksfjárhæð sem hver starfsmaður getur keypt hlutabréf fyrir samkvæmt áætluninni nemi kr. 50.000 á ári að kaupverði en hver og einn starfsmaður mun ekki geta keypt hlutabréf á grundvelli áætlunarinnar fyrir hærri fjárhæð en kr. 1.500.000 á ári að kaupverði.

Kaupréttaráætlunin verður kynnt starfsfólki sérstaklega.

Áætlaður kostnaður vegna kaupréttaráætlunarinnar, byggt á Black-Scholes útreikningum, er að fjárhæð um kr. 110.000.000 yfir þriggja ára tímabil.

#### **Dagskrárliður 5 – Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum**

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækun á hlutafé félagsins: „Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 7. mars 2024 samþykkir að hlutafé félagsins verði, lækkað um kr. 21.803.205 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.178.393.205 að nafnverði í kr. 1.156.590.000 að nafnverði.“

#### **Greinargerð stjórnar:**

Á aðalfundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. þann 10. mars 2023 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Samkvæmt heimildinni mátti félagið kaupa að hámarki 117.839.321 hluti en það jafngilti 10% af útgefnu hlutafé félagsins. Á grundvelli þeirrar heimildar og heimildar frá aðalfundi árið áður hafði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. keypt 21.803.205 eigin hluti, eða sem nemur 1,85% af útgefnu hlutafé á tímabilinu frá 10. febrúar 2023 til 9. nóvember 2023. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar var að lækka hlutafé félagsins og þess vegna leggur stjórn félagsins fram tillögu um að lækka hlutaféð um 21.803.205 hluti eða þá eigin hluti sem voru keyptir á tímabilinu. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutafé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðin skilyrði fyrir lækkuninni hafa verið uppfyllt.

#### **Dagskrárliður 6 – Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins**

##### **Tillaga I:**

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleiðis svo:

*„Hlutafé félagsins er kr. 1.156.590.000 – einn milljarður eitt hundruð fimmtíu og sex milljónir fimm hundruð og níutíu þúsund krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“*

##### **Tillaga II:**

Verði tillaga skv. dagskrárlið 4 um breytingar á starfskjarastefnu samþykkt er lagt til að við 6. gr. bætist við önnur málsgrein sem hljóði svo:

*„Hluthafafundur hefur samþykkt heimild til handa stjórn að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 21.000.000 að nafnverði í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga sem félagið hefur gert við starfsfólk í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Heimildin gildir til 7. mars 2029, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum og hafa því ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykktu kaupréttaráætlun félagsins.“*

#### **Greinargerð stjórnar:**

Tillaga þessi er nátengd tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins, samanber dagskrárlið 4, og veitir stjórn heimild til þess að hækka hlutafé til þess að efna kaupréttarsamninga við starfsfólk. Önnur tillaga stjórnar sem liggur fyrir fundinum er að veitt verði heimild til þess að nýta hluta af þeim hlutabréfum sem félagið kaupir í gegnum endurkaupaáætlun sína til þess að efna kaupréttarsamninga við starfsfólk. Tillaga stjórnar samkvæmt þessum dagskrárlið lýtur að því að veita stjórn svigrúm til þess að ákveða hverju sinni hvort eigin hlutir eða nýir hlutir verði nýttir til þess að efna kaupréttarsamninga.

#### **Dagskrárliður 9 – Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags**

**Tillaga:** Lagt er til að KPMG ehf. verði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.

#### **Dagskrárliður 10 – Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd**

**Tillaga:** Stjórn leggur til að aðalfundur tilnefni Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðrik S. Halldórsson til setu í endurskoðunarnefnd.

### Dagskrárliður 12 – Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

**Tillaga:** Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 437.000 á mánuði í kr. 459.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 858.000 á mánuði í kr. 901.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 459.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 159.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 36.000 á mánuði og kr. 47.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.

### Dagskrárliður 13 – Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktar félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

*„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 7. mars 2024 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 115.659.000 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“*

#### **Greinargerð stjórnar:**

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái nýja heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Heimildin til þess að nota hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum er nátengd tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins, samanber dagskrárlið 4. Sem fyrr er tilgangur félagsins með endurkaupum einnig að lækka hlutafé félagsins, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, samanber samþykkt aðalfundar 10. mars 2023, falla brott.

#### Tilnefnd til setu í endurskoðunarnefnd:

**Anna Birgitta Geirfinnsdóttir** er fædd 1. janúar 1970. Anna Birgitta fékk löggildingu sem endurskoðandi í mars 2001 og Cand. Oecon viðskiptafræðigráðu frá Háskóla Íslands 1995. Hún er fyrrverandi eigandi hjá Deloitte ehf. þar sem hún starfaði í yfir 30 ár. Frá árinu 2021 hefur Anna Birgitta starfað sjálfstætt ásamt því að sitja í nokkrum stjórnnum og nefndum hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Anna Birgitta tók sæti í endurskoðunarnefnd Sjóvá á árinu 2022.

Anna Birgitta er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Friðrik Halldórsson** er fæddur 27. maí 1959, til heimilis í Reykjavík. Friðrik er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1985. Hann hefur starfað við bankamál lengstan starfstíma sinn við hin ýmsu störf. Má þar nefna að frá árinu 2008 til ársins 2018 starfaði hann sem forstöðumaður á endurskipulagningarsviði Landsbankans. Hann hefur setið í endurskoðunarnefnd Sjóva frá árinu 2018.

Friðrik er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.